

Mál nr. 53/2018**M og****V v. slysátryggingar ökumanns og eiganda torfærubifreiðar.****Slys í torfærukeppni, erlendur sjúkrakostnaður, tilkynningarfrestur vegna slyss 1.10.2016.****Gögn.**

Málskot móttakið 12.2.2018 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-9.

Bréf V dags. 28.3.2018.

Málsatvik.

M keppti í torfæru í Bandaríkjunum og slasaðist þegar bifreiðin lenti harkalega eftir að hann ók fram af háu barði. M var fluttur á sjúkrahús og útskrifaður samdægurs. M greiddi 100 dollara við komuna á sjúkrahúsið fyrir veitta þjónustu. Slysið var tilkynnt V 17.10.2017. M fékk senda tvo reikninga frá sjúkrahúsinu þann fyrri dags. 10.11.2016 og þann síðari dags. 5.6.2017. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns og eiganda og segist krefjast fullra bóta úr tryggingunni, en engin gögn eða sjónarmið eru sett fram í málinu varðandi annað en erlendan sjúkrakostnað. M segist ekki hafa haft vitneskju um, tjón sitt fyrr en hann fékk senda reikninga í nóvember 2016 og júní 2017. M telur ennfremur að hann hafi ekki verið upplýstur um tilkynningarfrest í vátryggingarsamningi þar sem V hefði vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 70. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V hafnar bótaskyldu og segir ekki ljóst hvaða kröfur M geri nákvæmlega og ekki komi fram í málskoti eða gögnum frá M hvert tjón M er eða hvaða einkenni hann hafi vegna slyssins. V segir að liðinn hafi verið lögmætur tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga þegar tjón M var tilkynnt. V segir að M hafi verið lagður inn á sjúkrahús sama dag og hann varð fyrir slysinu og hefði mátt vera ljóst að kostnaður hlytist af og ekki skipti máli þó reikningar séu gefnir út síðar. Slysið hafi síðan verið tilkynnt til V meira en ári síðar og þá hafi ársfrestur 1. mgr. 124. laga um vátryggingarsamninga verið liðinn.

Álit.

Í málskoti kemur fram að M telur sig eiga rétt til fullra bóta úr slysátryggingunni. Engin gögn varðandi tjón M liggja fyrir um annað en að hann hafi þurft að greiða sjúkrakostnað erlendis. Ekki er því unnt að taka afstöðu til annars en þess hvort M eigi rétt á bótum vegna þess kostnaðar. Ágreiningur er um hvort slysið hafi verið tilkynnt of seint sbr. árfrest 1. mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga. M var fluttur á sjúkrahús sama dag og slysið varð og útskrifaður samdægurs. Hann greiddi 100 dollara við komu á sjúkrahúsið. Ekki liggur fyrir að M hafi verið gerð grein fyrir að honum yrði gert að greiða meira en ofangreinda 100 dollara fyrr en honum barst fyrri reikningur af tveimur 10.11.2016. M hafði því miðað við þessar forsendur ekki vitneskju um frekari kostnað vegna sjúkradvalar sinnar á slysdegi og ekki fyrr en 10.11.2016. Slysið var tilkynnt 17.10.2017 og var því innan þess frests sem tilgreindur er í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þegar af þeirri ástæðu á M rétt á bótum vegna þess kostnaðar úr slysátryggingu ökumanns og eiganda torfærubifreiðar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna sjúkrakostnaðar úr slysátryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík 24.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður